



Trúnaðarráð Eflingar - stéttarfélag

## FUNDARGERÐ

Dags: 21. maí 2026

Staðs.: Félagsheimili Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð

### Viðstödd úr trúnaðarráði:

Sjá mætingarlista sem skjalaður er með fundargerð.

### Önnur viðstödd:

- Ísak Jónsson, starfsmaður Eflingar
- Karl Héðinn Kristjánsson, starfsmaður Eflingar
- Niels Rúnar Gíslason, tulkur

### Fundi stýrði: Sólveig Anna Jónsdóttir

Sólveig setur fund kl. 18:00. Ekki eru gerðar athugasemdir við Sólveigu sem fundarstjóra, undirritaðan sem ritara eða Niels sem tulk. Sólveig minnir á að ef það séu önnur mál muni Ragnar Ólason taka við þeim.

Sólveig kynnir dagskrá fundarins. Þetta er síðasti fundur trúnaðarráðs fyrir sumarfrí.

## 1. Fregnir úr starfi félagsins

Trúnaðarmannanámsskeiðin eru að fara að klárast. Á síðasta námskeiði vetrarins verður farin óvissuferð í annað sinn. Stjórn fundaði fyrr í dag og mun funda tvisvar í júní áður en hún fer í frí. Stofnaður hefur verið starfshópur SA, ASÍ og stjórnvalda. Sólveig varpar skjali frá starfshópnum upp á skjá og fer yfir innihald þess. Skjalið er viðhengt við þessa fundargerð. Sólveig hefur lagt mikla áherslu á að hún fái aðgengi að fundargerðum þessa starfshóps. Magnús Bech spyr hvort Efling sé bundin af niðurstöðu hópsins. Sólveig svarar því neitandi og segir að samninganefnd Eflingar þurfi að koma saman til að ræða hvað þau vilji gera við niðurstöður starfshópsins þegar kemur að hagsmunum Eflingarfélaga.

## 2. Staða launafólks í opinberum útboðum

Sólveig varpar skjali upp á skjáinn. Hjá fjármálaráðuneytinu virðist vera vilji til þess að vinna með félaginu að bótum á opinberum útboðum. Það virðist kominn einhver vilji til þess að hlusta á sjónarmið Eflingar þegar það kemur að þessum málum. Sólveig fer nánar yfir efni skjalsins sem er viðhengt við þessa fundargerð. Lucyna nefnir að hún viti af ræstingafólki sem vinnur á Landakoti sem verið að svíkja. Andrea talar um að í samningnum séu til staðar þau atriði sem eigi að koma í veg fyrir svik en það sé ekki verið að fylgja því eftir. Sæþór spyr hvort Efling muni taka þátt í eftirliti sé það sem

kemur fram í skjalinu samþykkt. Sólveig svarar að Efling sé tilbúin til þess. Óskar spyr hvort það sé vitað hversu mörg fyrirtæki séu með eigin starfsfólk í þrifum. Sólveig segir að það séu einstaka stofnanir enn með innvistaðar ræstingar og líklega afar fá fyrirtæki á almenna markaðnum. Nánast allt er útvistað.

### 3. Áminning um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð

Sólveig varpar reglugerð um endurgreiðslu á félagsgjaldi á skjá og fer yfir innihald hennar. Skjal með reglugerðinni er viðhengt við þessa fundargerð.

### 4. Önnur mál

Örvar kemur í pontu og segist vera reiður, bitur og vonsvikinn. Hann talar um frétt um að verðlag á Íslandi sé mun hærra en í öðrum löndum. Honum finnst Íslendingar láta allt yfir sig ganga. Hann spyr hvort að ef til vill væri hægt að skipuleggja mótmæli gegn þeim sem eru að græða mest á fákeppni á Íslandi. Sólveig tekur undir áhyggjur Örvars og nefnir að það sem Efling sé að gera sé meira en aðrir séu að gera til að ná fram breytingum. En ef metið verði svo að augnablikið sé rétt er sjálfsagt að skoða slíkt. Telma spyr hversu margir mættu vil vinnu þegar það var appelsínugul viðvörðun því það hafi verið gerð krafa um það frá vinnu. Ansi margar hendur fara á loft. Hún talar um að hún hafi mætt í vinnu á leikskólanum við þessar aðstæður og að ekkert hafi verið gert fyrir það starfsfólk sem það gerði. Henni finnst það gríðarlega ósanngjarnt. Fólk er almennt sammála því. Sólveig biður Telmu að senda sér það bréf sem barst frá borginni varðandi það að ekkert yrði gert fyrir það starfsfólk sem mætti til vinnu.

Ekki eru fleiri önnur mál. Fundi er slitið.

Fundargerð ritaði: Ísak Jónsson



## Uppligg ASÍ að þríhliða samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda 28.4.2026

- Kjarasamningar til fjögurra ára voru undirritaðir vorið 2024 með það að markmiði að stuðla að hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta. Forsendur samninganna byggja á verðlagsþróun á samningstímanum.
- Mat verður lagt á forsendur kjarasamninga í annað sinn í september nk. Mælist 12 mánaðar verðbólga í ágúst 2026 yfir 4,7% og 6 mánaða verðbólga á tímabilinu mars-ágúst 2026 yfir 4,4% opnast heimild til uppsagnar á samningum að undangengnum viðræðum aðila um viðbragð við forsendubresti.
- Horfur í efnahagsmálum hafa á undanförunum mánuðum þróast til verri vegar, atvinnuleysi aukist, verðbólga farið vaxandi á ný og vextir mun hærrí en vonir stóðu til við gerð kjarasamninga. Allt útlit er fyrir að óbreyttu að forsendum kjarasamninga í haust kunni að bresta.
- Endanlegt mat á forsendum fer fram í forsendunefnd aðila í september en viðbrögð samningsaðila mun ráðast af því hvernig til tekst við að ná tókum á stöðunni fram að þeim tíma.

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld eru sammála um mikilvægi þess að vinna sameiginlega að því að **skapa grundvöll til þess að verja gildi kjarasamninga og stuðla að því að markmið þeirra um aukinn kaupmátt, lækkun verðbólgu og vaxta nái fram að ganga**. Í því miði munu aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld á komandi vikum eiga þétt samráð um stöðu efnahags- og kjaramála og aðgerðir til að stuðla að því að markmið samninga nái fram að gagna.

### Markmið samráðsins er að:

- Stuðla að lækkun verðbólgu til að verja gildi kjarasamninga og tryggja að markmið þeirra nái fram að ganga.
- Koma til móts við tekjulág heimili, barnafjölskyldur, leigjendur, ungt skuldsett fólk og atvinnulausa sem eru þeir hópar sem verðbólgu og háir vextir bitna verst á.
- Fylgja eftir aðgerðum úr yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga þann 7. mars 2024.

Aðilar stofni vinnuhópa sem leggi sameiginlegt mat á eftirfarandi þætt sem liggi fyrir eigi síðar en um miðjan júní:

- Lagt verði mat á áhrif verðbólgu og hárra vaxta á afkomu heimila. Horft verði til þess hvernig áhrifin leggjast með mismunandi hætti á heimili eftir stöðu og húsnæðisaðstæðum og hvernig nýta megi stuðnings- og tilfærslukerfi hins opinbera betur til að koma til móts við tiltekna hópa.
- Lagt verði mat á umfang sjálfvirkra vísitöluhækkana í verðlagningu og samningum og leiðir til að sporna við þeim.



## Meðal aðgerða sem ASÍ leggur áherslu á til að ná ofangreindum markmiðum:

### • Verðlagsmál

- Sveitarfélög og aðila þeirra eigu dragi til baka óhóflegar gjaldskrárhækkanir frá upphafi samningstímans, einkum veitu og orkufyrirtækjum.
- Ríki, sveitarfélög og fyrirtæki á þeirra vegum skuldbindi sig til að hækka ekki verðlag umfram 2,5% árlegt verðbólguþétt Seðlabankans á samningstímanum.
- Fyrirtæki á neytendamarkaði og fjármálafyrirtæki skuldbindi sig jafnframt til að halda aftur af verðhækkunum og hækka ekki verð umfram 2,5% árlegt verðbólguþétt Seðlabankans á samningstímanum.
- Tryggð verði aðhald með þessum skuldbindingum og leiðir útfærðar til að tryggja að unnt sé að fylgja þeim eftir með skýrum hætti.
- Samkeppniseftirlit verði eftt á mikilvægum neytendamörkuðum og verðlagseftirlit aukið á vettvangi ASÍ.

### • Húsnæðismál

- **Almennar íbúðir** – Í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga er kveðið á um öflugna uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu sem tryggir tekjulágum húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað. Ríkissjóður muni leggja til 7-9 ma.kr. í stofnframlög á ári á samningstímanum og sveitarfélög tryggja lóðir og stofnframlög. Þessi áform eru langt frá því að hafa gengið eftir, á árinu 2024 voru stofnframlög veitt til um 500 íbúða og tæplega 200 í fyrra en aðeins lítill hluti þessara stofnframlaga fór til uppbyggingar á leiguhúsnæði fyrir tekjulágt launafólk. Lóðaframboð og aðkoma sveitarfélaganna hefur verið einn megin flöskuhálsinn fyrir hraðari uppbyggingu almennra íbúða og stór sveitarfélög hafa valið að veita engar lóðir til uppbyggingar á húsnæði fyrir lágtekjufólk. **Tryggja þarf aukna aðkomu og skuldbindingu sveitarfélaga og hraða uppbyggingu verulega til að auka húsnæðisöryggi lágtekjufólks.**
- **Leiguverð** – Áfram verði unnið að því að bæta húsnæðisöryggi og draga úr kostnaðarbyrði leigjenda við endurskoðun húsnæðislaganna, m.a. með því að verðlagsuppfærslur verði takmarkaðar við einu sinni á ári Innleidd verði tímabundin leigubremsa, sambærileg við aðgerðir sem gerðar voru í Danmörku á árunum 2023-2024.
- **Húsnæðisbætur** – Fjárhæðir húsnæðisbóta hafa verið óbreyttar frá 1. júní 2024 og ekki gert ráð fyrir breytingu þeirra á árinu og verðgildi húsnæðisstuðnings mun því rýrna. **Tryggja þarf að fjárhæðir húsnæðisbóta haldi verðgildi sínu yfir tíma.**
- **Húsnæðislánakerfið:** Starfshópur um húsnæðislánakerfið hefur tekið til starfa – Verkefni hans er tvískipt – annars vegar að kortleggja lánaframboð í kjölfar vaxtadóma og greina hvort gera þurfi breytingar á löggjöf til að stuðla að því að staða lántaka sé ekki lakari en fyrir dómana. Þessum hluta skal lokið eigi síðar en 12. júní nk. Síðari hlutinn snýr að greiningum og tillögum um upptöku á nýju húsnæðislánakerfi og skal þeim þætti lokið í mars 2027. Mætti skoða hvort flýta megji þessari vinnu svo drög að tillögum/hugmyndum ligg fyrir í lok sumars.
- **Húsnæðisstuðningur við eigendur-** Samkvæmt yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga skyldi skipaður starfshópur til að leggja mat á fyrirkomulag húsnæðisstuðnings við eigendur og gera tillögu að framtíðarfyrirkomulagi. Þessi vinna



hefur ekki farið af stað. Þessi skoðun þarf að fara fram samhliða vinnu við endurskoðun húsnæðislánakerfisins.

- **Barnafjölskyldur**

- Ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna hafa hækkað mun minna en annarra hópa á síðustu árum. Sem dæmi má nefna að miðgildi ráðstöfunartekna eldri borgara hækkaði um 3,5% á ári hjá hjónum á árunum 2012-2024. Til samanburðar hækkaði miðgildi ráðstöfunartekna barnafjölskyldna á aldrinum 25-34 ára um 1,9% á ári. Aukningin var enn minni hjá einstæðum foreldrum eða á bilinu 1,4-1,6% á ári. Munurinn skýrist m.a. af mikilli aukningu lífeyristekna. Sé skoðað hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum, mælist það um 3,9% fyrir fólk á aldrinum 65 og eldri borið saman við 10,8% á aldrinum 30-44 ára og 11,9% á aldrinum 18-29 ára. Mikill munur er á hlutfalli undir lágtekjumörkum ef skoðað er eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Þar er um fimmtungur leigjenda með tekjur undir lágtekjumörkum borið saman við um 6,4% húsnæðiseigenda. **Auka þarf framlög til barnabóta** og tryggja a.m.k. að þau rýrni ekki að raunvirði líkt og gert er ráð fyrir á nýrri fjármálaáætlun.
- **Sveitarfélög taki til endurskoðunar gjaldskár** sem snúa að þjónustu við barnafólk og fólk í viðkvæmri stöðu í samræmi við fyrirheit í yfirlýsingu sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga vorið 2024.

#### Vinumarkaðsmál

- **Frumvarp um breytingar á atvinnuleysistryggingum** sem nú er til meðferðar á Alþingi verði dregið til baka og nefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem skipuð var til að vinna að heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar verði endurvakinn og gert að leggja fram tillögur.
- **Viðurlög við brotum á vinnumarkaði og keðjuábyrgð** – Starfshópur aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda vinnur nú að skýrslu nauðsyn þess að lögfesta viðurlög við brotum á kjörum launafólks sem liggja á fyrir í maí 2026. Þá verði ákvæði um keðjuábyrgð útvíkkuð. Þessari vinnu verði hraðað og aðgerðir innleiddar/lögfestar fyrir árslok 2026.
- **Vinumarkaðsaðgerðir** - Áhersla verði aukin á að styðja við atvinnuleitendur með virkum vinnumarkaðsaðgerðum
- **Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði** – Í ljósi versnandi atvinnuástands verði fallið frá áformum um lækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts af vinnu.
- **Jöfnun lífeyrisréttinda** – Viðræður um nýjan örorkubótasjóður
- Stjórnvöld lýsi skýrum vilja til að vinna með aðilum að tillögum um stofnun og fjármögnun nýs örorkubótasjóðs sem tryggi jöfnun lífeyrisréttinda launafólks, leysi víxlverkun milli kerfa og stuðli að snemmtækri þjónustu og endurhæfingu.
- **Bætt vinnumarkaðs- og launatölfræði** - Hrint verði í framkvæmd verkefni um heildarsöfnunar á launatölfræðiupplýsingum í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur og greiningar frá árinu 2019.

# Staða launafólks í opinberum útboðum

## Ábendingar Eflingar

### 1. FULL FRAMKVÆMD KJARASAMNINGA OG LÖGBUNDINNA RÉTTINDA

#### Vandinn í hnotskurn

Ákvæði og viðmið um réttindi launafólks í útboðsgögnum og verksamningum á grundvelli opinberra útboða og framfylgd þeirra hafa ekki dugað nægilega vel til að tryggja fulla framkvæmd kjarasamninga og lögbundinna réttinda starfsfólks í framkvæmd. Efling stéttarfélag hefur ítrekað fengið upplýsingar um alvarleg brot gegn kjörum og réttindum starfsfólks sem sinnir störfum og verkefnum sem hafa verið boðin út og hjá fyrirtækjum sem taka þátt í slíkum útboðum.

Opinberir verksamningar ná þá yfir störf starfsmanna sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu á íslenskum vinnumarkaði, sér í lagi í ræstingum. Má í þessu samhengi vísa til skýrslu Vörðu - rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, frá árinu 2023, sem leiddi í ljós bága fjárhagslega stöðu fólks sem starfar við ræstingar, slæma andlega líðan og aukin réttarbrott í samanburði við aðra hópa.<sup>1</sup>

Til að bregðast við framangreindu var við gerð síðustu kjarasamninga m.a. skerpt á ákvæðum kjarasamninga um verkhraða og tímamælda ákvæðisvinnu í ræstingum, en talsvert er um brot gegn reglum kjarasamninga þar um. Þau ákvæði um framfylgd kjarasamninga sem tekin hafa verið upp í útboðsgögnum opinberra innkaupa ná hins vegst almennt ekki nægjanlega vel til umræddra brota.

Að mati Eflingar er nauðsynlegt að bregðast við framangreindu og tryggja að viðsemjendur hins opinbera starfi í samræmi við lög og kjarasamninga og virði réttindi starfsfólks í hvívetna.

#### Tillögur að aðgerðum/kröfur til útboðsgagna

##### 1. Val á viðsemjanda

- Grípa verður til aðgerða til þess að tryggja að aðeins séu gerðir samningar við fyrirtæki sem virða lög- og kjarasamningsbundin réttindi launafólks, í útboðsferlinu. Framangreint er unnt að gera með eftirfarandi hætti:

<sup>1</sup> [https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738\\_badfe435edd74cd0a4b5f605b73e0b11.pdf](https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_badfe435edd74cd0a4b5f605b73e0b11.pdf).

- Að setja ákvæði í útboðsskilmála um útilokun fyrirtækja sem hafa brotið gegn kröfum á sviði félagsmála og vinnuréttar, sbr. a.-liður 5. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016.
- Gera að lágmarkskröfum útboðsins að kjör og réttindi launafólks séu og hafi verið virt.
- Hér undir gæti átt launapjófnaður, verulegar eða ítrekaðar vangreiðslur launa eða launatengdra gjalda, veruleg eða ítrekuð brot gegn kjarasamning, veruleg eða ítrekuð brot gegn réttindum starfsfólks, t.d. hvíldartíma eða brot á borð við atvinnukúgun eða brot gegn trúnaðarmanni.
- Unnt væri að kveða á um að staðfestingar stéttarfélags á framangreindu yrði aflað, eða óska eftir því að þátttakendur öfluðu staðfestingar stéttarfélags og skiluðu inn viðeigandi gögnum til þess að sýna fram á fylgni við lög- og kjarasamningsbundin réttindi og kjör.

## **2. Framkvæmd samnings sem kemst á eftir útboð**

- Grípa verður til aðgerða til þess að tryggja að viðsemjendur virði lög og kjarasamningsbundin réttindi við framkvæmd samnings. Framangreint er unnt að gera með eftirfarandi hætti:
  - Að setja skilyrði varðandi framkvæmd samnings í verksamning sem varða réttindi starfsfólks, í samræmi við heimild 2. mgr. 87. gr. laga nr. 120/2016.
  - Að kveða á um heimild til uppsagnar samnings vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota eða frávíka á borð við verulegar eða ítrekaðar vangreiðslur launa eða launatengdra gjalda, veruleg eða ítrekuð brot gegn kjarasamning, veruleg eða ítrekuð brot gegn réttindum starfsfólks, t.d. hvíldartíma eða brot á borð við atvinnukúgun eða brot gegn trúnaðarmanni.
  - Framangreind uppsagnarvernd verður að ná til alls fyrirtækisins ekki aðeins starfsmanna sem sinna tilteknu verkefni. Framangreint er sérstaklega brýnt í starfsemi sem er ekki staðbundin, svo sem við ræstingar.
  - Tryggja verður eftirlit með framangreindu á samningstíma. Dæmi eru um að stéttarfélögum hafi að einhverju leyti verið falið það eftirlit, sbr. t.d. Útboð á ræstingum í stofnunum Mosfellsbæjar 2026 – 2030 (fskj. 1 –bls. 9, ákvæði 0.14).
  - Kveða verður á um ábyrgð hins opinbera aðila vegna vanefnda gagnvart starfsfólki sem vinnur við hið opinbera verkefni sem og endurkröfurétt hins opinbera á hlutaðeigandi verktaka.

## **3. Verkhraði og tímamæld ákvæðisvinna**

- Innleiða þarf ákvæði í útboðsgögn sem tryggja að verktakar starfi í samræmi við ákvæði kjarasamninga um verkhraða og tímamælda ákvæðisvinnu. Framangreint er unnt að gera með eftirfarandi hætti:

- Tryggja að útboðsgögn innihaldi merktar grunnteikningar og ræstingatíðnikóða sem lýsa kröfum til umfangs og gæða ræstingar. Jafnframt væri unnt að framkvæma uppmælingu á viðkomandi verki eða kalla eftir því að þátttakendur leggi fram slíka mælingu.
- Kveða á um að þátttakendur í útboði skuli skila upplýsingum um fjölda stöðugilda og áætlaðan verkhraða.
- Innleiða kröfur í verksamning um gagnsæi við framkvæmd samningsins, þ.e. að verktaki skuli láta starfsmönnum sínum í té skriflegar verklýsingar sem innihalda merktar grunnteikningar og ræstingatíðnikóða.
- Innleiða virkt eftirlit með framangreindu, t.a.m. með því að kveða á um í skilyrðum samnings að stéttarfélag geti kallað eftir gögnum þ.m.t. skriflegum verklýsingum og haft eftirlit m.a. með vettvangsathugunum.

## 2. RÉTTINDAGÆSLA OG VINNUVERNDARSTARF

### Vandinn í hnotskurn

Lagarammi félagslegrar réttindagæslu (lög nr. 80/1938 og ákvæði kjarasamninga sem eru lögbundin lágmarkskjör) og vinnuverndar (lög nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/2006) á íslenskum vinnumarkaði gerir ráð fyrir virkri þátttöku og samvinnu milli fulltrúa starfsfólks og atvinnurekanda á vinnustað. Sú hugsun er í grunnin rétt og jákvæð, því enginn er betur til þess fallinn að vakta eigin réttindi og vinnuaðstæður en starfsfólk sjálft.

Staðan í ræstingageiranum í dag er hins vegar sú að lítil sem engin virkni er til staðar meðal almenns starfsfólks í þessum málaflokkum og atvinnurekendur styðja ekki við viðleitni í þá veru.<sup>2</sup> Félagsleg réttindagæsla og vinnuverndarstarf er svo að segja horfið úr þeim geira íslenska vinnumarkaðarins þar sem þessa er líklega mest þörf.<sup>3</sup> Þetta aðhaldsleysi hefur leitt til óhóflegrar afkastakröfu til starfsfólks sem hvorki stenst ákvæði kjarasamninga né vinnuverndarsjónarmið.

Ein skýring þessa aðhaldsleysis er að lágmarkskröfur í lagaramma félagslegrar réttindagæslu og vinnuverndar á Íslandi ríma ekki við raunverulegt skipulag vinnunnar í ræstingageiranum sem einkennist af dreifðum staðsetningum og vinnu í einangrun.<sup>4</sup> Heimildar-

<sup>2</sup> Sjá t.d. nýfallinn dóm Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-3034/2025 þar sem fyrirtækið Ræstitækni ehf. var dæmt til greiðslu miskabóta vegna framgöngu sinnar við trúnaðarmann í kjölfar þess að hann upplýsti samstarfsfólk sitt um kjarasamningsbundin réttindi tengd afkastakröfum.

<sup>3</sup> Könnun Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins *Staða og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar frá 2023* gefur skýra vísbendingu um hversu bágborin staða þessa hóps er með hliðsjón af vinnuvernd og réttindagæslu. [Tengill](#). Af 39 ræstingafyrirtækjum á félagssvæði Eflingar með heimild fyrir trúnaðarmanni eru 2 með hann. Það ættu að vera 53 trúnaðarmenn Eflingar í ræstingageiranum en þeir eru í reynd 4.

<sup>4</sup> Orðalag um trúnaðarmenn, vinnustaðafundi og aðra félagslega réttindagæslu í lögum nr. 80/1938 og í kjarasamningum miðast við að starfsmenn sama fyrirtækis komi daglega saman í t.d. verksmiðju eða vöruhúsi undir stjórn verkstjóra o.s.frv. Bókstafleg túlkun á þessum ákvæðum felur í sér að hjá dæmigerðu, stóru ræstingarfyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu séu skipaðir 2 trúnaðarmenn sem eiga að vera fulltrúar fyrir

ákvæði sem þó eru til staðar og ættu að brúa það bil eru vannýtt. Dæmi um það er 7. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um vinnuverndarstarf og ákvæði í kjarasamningum um aukinn fjölda öryggistrúnaðarmanna eftir starfsstöðvum.<sup>5</sup>

Heimfæra þarf þennan gildandi ramma upp á fyrirkomulag ræstingavinnu. Vænlegt er að gera þetta á verkstöðum opinberra útboða þar sem þar næst einmitt oft sú stærð og festa í starfsmannahaldi sem gert er ráð fyrir í umræddum lagaramma.

Tillaga Eflingar er að í opinberum útboðum verði gerð krafa um framkvæmd á lögbundnum skyldum varðandi réttindagæslu starfsfólks og varðandi vinnuverndarstarf á vinnustað sem miðast við hið útboðna verk sem vinnustað, eftir atvikum að nánari skilyrðum uppfylltum, enda nær hið útboðna verk oftast utan um verkstað eða -staði í þeim skilningi sem ætla má að hafi legið gildandi lagaramma til grundvallar.

Efling leggur til að stuðst verði við heimildarákvæði í lögum, kjarasamningum og reglugerðum í þessa veru, þannig að kröfur feli fyrst og fremst í sér heimfærslu eða uppfyllingu á ákvæðum sem þegar eiga sér óumdeilda stoð í lögum.

## Tillögur að aðgerðum/kröfur til útboðsgagna

### 1. Vinnuverndarstarf

- Tryggja verður vinnuverndarstarf á starfsstöðvum við framkvæmd opinbers verk- eða þjónustusamnings. Framangreint er unnt að gera með eftirfarandi hætti:
  - Innleiða ákvæði í verksamninga sem fela í sér skilyrði varðandi framkvæmd samnings.
  - Eftirfarandi er tillaga Eflingar að slíku ákvæði:

Verkstaður hins útboðna verks skal álitinn sjálfstæð starfseining í skilningi 7. gr. reglugerðar 920/2006 og skal fyrirkomulag vinnuverndarstarfs skv. 4.-6. gr. sömu reglugerðar viðhaft skv. því.
  - Ofangreint felur ekki í sér nýja eða áður óþekkta framkvæmd heldur virkjun nógildandi lagaheimilda, nánar tiltekið varðandi kjör öryggistrúnaðarmanns þegar fjöldi starfsmanna er 10 eða fleiri og varðandi stofnun öryggisnefndar þegar fjöldinn er 50 eða fleiri.
  - Tekið skal fram að skv. tillögunni ber hinn opinberi verkkaupi ekki ábyrgð á því að umræddar heimildir til vinnuverndarstarfs séu í raun nýttar heldur kemur þar til kasta verktakans og starfsfólks sjálfs, eftir atvikum með aðstoð og milli-göngu stéttarfélags. Ákvæðið mun hins vegar fjarlægja þekkta þröskulda og styðja með afgerandi hætti við framkvæmd vinnuverndarstarfs.

---

hóp einstaklinga sem eiga ekkert daglegt samneyti og mæta til vinnu á dreifða verkstaði sem ekki tilheyra fyrirtækinu. Mikil áskorun er að heimfæra ákvæði um vinnustaðafundi á þessar aðstæður.

<sup>5</sup> Efling hefur gert tilraunir til að nálgast starfsmannahópa hjá ræstingafyrirtækjum út frá starfsstöðvum, en dæmi er um að ræstingafyrirtæki hafi neitað að veita félaginu upplýsingar um starfsstöðvaskiptingu. Engin dæmi eru um að fyrirtæki hafi átt frumkvæði að viðræðum við Eflingu um samkomulag um tíma trúnaðarmanns til að sinna starfi sínu eða að auka fjölda trúnaðarmanna til þess að taka tillit til aðstæðna.

- Hugsanlega þarf að innifela orðalag sem skýrir við hvaða viðmið skal stuðst í skilgreiningu á fjölda starfsmanna.

## 2. Félagsleg réttindagæsla

- Tryggja verður raunverulega virkni og marktæka framkvæmd á félagslegri réttindagæslu á á starfssvæði við framkvæmd opinbers verk- eða þjónustusamnings. Framangreint er unnt að gera með eftirfarandi hætti:

- Innleiða ákvæði í verksamninga sem fela í sér skilyrði varðandi framkvæmd samnings.
- Eftirfarandi er tillaga Eflingar að slíku ákvæði:

Verkstaður hins útboðna verk skal álitid „vinnustöð“ í skilningi 9. gr. laga nr. 80/1938 og sem „vinnustaður“ í skilningi 13. gr. kjarasamninga Eflingar og SGS.

- Líkt og í tillögunni varðandi vinnuverndarstarf felur tillagan ekki í sér nýja eða áður óþekkt framkvæmd heldur byggir á virkjun þegar gildandi heimildar-ákvæða. Með ofangreindu orðalagi skapast heimild til kjörs á 1 trúnaðarmanni á verkstað sé fjöldi starfsmanna sem sinnir verkinu 5-50, tveggja séu þeir 51-120 og þriggja séu þeir 120 eða fleiri. Eflingu er ekki kunnugt um neitt dæmi um útboðið ræstingaverk sem fer yfir 120 starfsmanna mörkin, líklega eru mjög fá ef nokkur yfir 50 starfsmanna mörkunum. Í flestum tilvikum myndi orðalagið því leiða af sér heimildir til kjörs á einum trúnaðarmanni á verkstað útboðs, til viðbótar við aðrar heimildir til kjörs trúnaðarmanns innan fyrirtækis verktakans.
- Hugsanlega þarf að innifela orðalag sem skýrir við hvaða viðmið skal stuðst í skilgreiningu á fjölda starfsmanna.

# Reglugerð um endurgreiðslu á félagsgjaldi til meðlima í trúnaðarráði

Samþykkt í stjórn Eflingar 29. október 2020 og tekið upp af trúnaðarráði 12. nóvember 2020.

Stjórn Eflingar – stéttarfélags samþykkir hér með eftirfarandi reglugerð varðandi endurgreiðslu á félagsgjaldi til meðlima í trúnaðarráði Eflingar. Reglugerðin gildir fyrir starfsárið 2020-2021 sbr. gildistíma í 8. gr.

## 1. Almenn

1.1 Meðlimir í trúnaðarráði Eflingar skulu fá félagsgjald sitt til Eflingar endurgreitt í lok starfsárs í hlutfalli við þann fjölda funda sem þeir sækja á starfsárinu samkvæmt nánari skilmálum sem lýst er í neðangreindu. Er þetta gert til að hvetja til mætingar á fundi trúnaðarráðs og koma til móts við kostnað sem félagsmenn bera af mætingu á þá. Reglugerðin er í samræmi við undangenga umræðu og ákvarðanir í stjórn og trúnaðarráði Eflingar haustið 2020.

## 2. Endurgreiðslubært félagsgjald

2.1 Endurgreiðslubært félagsgjald í skilningi reglugerðar þessarar er 0,7% af mánaðarlegum heildarlaunum félagsmanns sem greitt hefur verið í félagssjóð Eflingar á starfsárinu. Miðað er við að starfsár teljist frá 1. júní og til 31. maí ár hvert með vísun til þess að aðalfundur skal skv. 28. gr. laga Eflingar haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aðeins það gjald sem hefur verið löglega og að fullu greitt samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins telst endurgreiðslubært.

## 3. Endurgreiðslubærir fundir á starfsárinu

3.1 Þeir fundir í trúnaðarráði sem fyrirhugaðir eru, löglega boðaðir og í reynd haldnir á starfsárinu eru endurgreiðslubærir. Einnig teljast aðalfundur Eflingar og ársfundur Gildis endurgreiðslubærir fyrir trúnaðarráðsfélaga og ígildi trúnaðarráðsfundar í skilningi reglugerðar þessarar.

3.2 Stjórn ábyrgist að fyrir liggi samþykkt fundaaætlun á hverjum tíma þar sem fram koma fyrirhugaður fjöldi og tímasetningar endurgreiðslubærra funda. Skrifstofa Eflingar ábyrgist að fundaaætlun sé jafnan aðgengileg trúnaðarráðsfélögum.

3.3 Komi til þess að fyrirhuguðum fundi sé aflýst og enginn fundur skipulagður í staðinn fellur hann út úr forsendum útreiknings á endurgreiðslu sbr. 5. gr.

## 4. Endurgreiðslubært setutímabil félagsmanns

4.1 Hámarksupphæð endurgreiðslu til félagsmanns takmarkast af þeim fjölda funda á starfsárinu sem fellur á setutímabil hans í trúnaðarráði. Ákvæði þetta á t.d. við um félagsmenn sem fara úr trúnaðarráði eða taka sæti í því á starfsárinu hvort sem er vegna skipunar nýs trúnaðarráðs þann 1. janúar annað hvert ár skv. 15. og 26. gr. laga Eflingar eða vegna skipunar félagsmanns sem varamanns í stað aðalmanns sem hætt hefur störfum sbr. 3. mgr. 15. gr. laga Eflingar.

## 5. Útreikningur á endurgreiðslubæru félagsgjaldi

5.1 Eftirfarandi reikniregla gildir um endanlega heildarupphæð hins endurgreidda félagsgjalds þegar að greiðslunni kemur í tilviki hvers félagsmanns:

$$x * y/z$$

x = heildarupphæð félagsgjalds sem greitt var af félagsmanni á undangengnu starfsári

y = fjöldi endurgreiðslubærra funda sem félagsmaður sótti á setutíma hans í trúnaðarráði á starfsárinu

z = fjöldi endurgreiðslubærra funda á starfsárinu

## 6. Staðfesting á mætingu

6.1 Endurgreiðsla er aðeins reiknuð vegna funda sem félagsmaður mætir á með staðfestum hætti óháð forföllum af hvaða ástæðum sem er og óháð því hvort um slík forföll er tilkynnt eða ekki.

6.2 Skrifstofa Eflingar fylgist með og staðfestir mætingu trúnaðarráðsfélaga á alla endurgreiðslubæra fundi og heldur skrá utan um hana.

6.3 Skrifleg staðfesting á mætingu á viðkomandi fund er send út til félagsmanns í gegnum tölvupóst á uppgefið netfang félagsmanns að fundi loknum. Fá félagsmaður ekki skriflega staðfestingu á mætingu á fund sem hann var engu að síður viðstaddur skal hann gera athugasemd með því að senda tölvupóst til skrifstofu félagsins eigi síðar en þremur sólarhringum eftir fundardag.

6.4 Ef upp kemur ágreiningur um hvort félagsmaður hafi mætt á fund skal byggt á því hvort skrifleg staðfesting á mætingu sbr. gr. 6.3 hafi verið send. Dugi það ekki til úrlausnar á ágreiningi skal stjórn félagsins fjalla um hann. Heimilt er að áfrýja úrskurði stjórnar til trúnaðarráðs og er þá úrskurður trúnaðarráðs endanlegur.

## 7. Framkvæmd greiðslu

7.1 Að afloknum síðasta endurgreiðslubæra fundi starfsársins og að móttæknu iðgjaldi síðasta mánaðar starfsársins reiknar skrifstofa Eflingar út upphæð endurgreiðslu félagsgjalds fyrir hvern trúnaðarráðsfélaga skv. reiknireglu sbr. 5. gr. og leggur hana inn á bankareikning viðkomandi að fengnum nauðsynlegum greiðsluupplýsingum.

## 8. Gildistími

8.1 Reglugerð þessi tekur þegar gildi og gildir fyrir starfsárið 2020-2021 með fyrirvara um samþykki trúnaðarráðs á fyrirhuguðum trúnaðarráðsfundi 12. nóvember 2020. Skal reglugerðin auglýst trúnaðarráðsfélögum um leið og fundurinn 12. nóvember 2020 er boðaður til að þeir séu upplýstir um að sá fundur muni teljast endurgreiðslubær.

8.2 Stjórn Eflingar skal í lok starfsársins 2020-2021 meta árangur og framkvæmd reglugerðarinnar með það í huga að ákvarða hvort framlengja skuli gildistíma reglugerðarinnar, eftir atvikum ótímabundið að undangengnum nauðsynlegum efnisbreytingum.

## Viðauki: Fundaáætlun 2020-2021

Samkvæmt fundaáætlun stjórnar og trúnaðarráðs Eflingar 2020-2021 eru fundir áformaðir á eftirfarandi dagsetningum (um er að ræða fundi í trúnaðarráði nema annað sé tekið fram) og myndu þeir teljast endurgreiðslubærir nema jólafundur dags. 17. desember:

1. 12.11.2020
2. 10.12.2020
3. 17.12.2020 (jólafundur)

4. 14.01.2021
5. 11.02.2021
6. 11.3.2021
7. 08.04.2021
8. 15.04.2021 (óákv) (ársfundur Gildis)
9. 06.05.2021 (aðalfundur Eflingar)
10. 20.05.2021

Er því samtals um að ræða 9 endurgreiðslubæra fundi á starfsárinu. Yrðu þeir væntanlega 1-2 fleiri á starfsári þar sem allir fundir frá upphafi starfsárs teldust endurgreiðslubærir.